

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Reitur 1.174.3, Grettisgata frá Barónsstíg að Snorrabraut.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 22. júní 2018, breytingu á skilmálum reits 1.174.3. Í breytingunni felst að koma megi fyrir svölum á suðurhlið húsanna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Háskólinn í Reykjavík.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 22. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða, hækkun hæða randbyggðar til vesturs og suðurs, breyting á byggingareit randbyggðar til norðurs, breytingu á byggingareit reitar D, niðurfelling leikskóla af reit D, breyting á bílastæðakröfu, bílastæði fyrir námsmannaíbúðir, niðurfelling bílakjallara sem og ákvæði um leiðbeinandi legu sorpgáma. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjustétt 2-6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 28. júní 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina 2-6 við Kirkjustétt. Í breytingunni felst m.a. að upphaflegum byggingarreit er skipt í þrjú hús, 1-3 hæðir, hluti bygginga innan reitsins allt að 3 hæðir í stað 2 áður, bætt við heimild til að gera íbúðir á 2.-3. hæð húsa 1 og 2 og skilmálum um bílastæði er breytt og bætt við skilmálum um frágang lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Krókháls 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta Skúlagötusvæðis. Um er að ræða tæplega 1 hektara svæði sem nær yfir óbyggða lóð á horni Skúlagötu og Frakkastígs og óbyggt borgarland milli Skúlagötu og Sæbrautar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rafstöðvarvegur 20.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna lóðarinnar nr. 20 við Rafstöðvarveg. Í breytingunni felst að útbúa lóðarmörk kringum félagsheimili Orkuveitu Reykjavíkur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Brautarás 1-19.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 4. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi lóða nr. 1–19 við Brautarás. Í breytingunni felst stækkun lóðar við Brautarás 19 um 2 m í átt til suð/suð-vesturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Einarsnes 42-42A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðar nr. 42-42A við Einarsnes. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bæjarháls 1.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. júlí 2018, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 1 við Bæjarháls. Í breytingunni felst m.a. að gerður er nýr byggingarreitur fyrir neyðarráfstöð, eldsneytistank og tvær kælivélar við hlið akstursramps austan megin við Norðurhús við lóðarmörk að Réttarhálsi 2. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 12. júlí 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2018